



Framkvæmda- og þjónustunefnd

33. fundur framkvæmda- og þjónustunefndar Norðurlands haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurlands, miðvikudaginn 8. desember 2010 og hófst hann kl. 16:00
Fundinn sátu:

Þráinn Guðni Gunnarsson, Hjálmar Bogi Hafliðason, Sigurgeir Höskuldsson, Áki Hauksson, Kristinn Rúnar Tryggvason, Tryggvi Jóhannsson, Sveinn Birgir Hreinsson,

Fundargerð ritaði: Tryggvi Jóhannsson, Framkvæmda- og þjónustufulltrúi

Dagskrá:

1. 201012018 - Fjárhagsáætlun framkvæmda- og þjónustunefndar

Framkvæmda- og þjónustufulltrúi lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011, málaflokka 07 -Brunamál og almannavarnir, 08 -Hreinlætismál, 10 -Umferðar- og samgöngumál og 11 -Umhverfismál.

Framkvæmda- og þjónustufulltrúi leggur líka til að gjaldskrár sem ekki eru þegar vísitölutengdar hækki, milli ára, í samræmi við vísitölu neysluverðs.

Framkvæmda- og þjónustunefnd staðfestir ramma númer 08, 10 og 11. Nefndin fer fram á það við byggðarráð að rammi 07 verði tekinn til endurskoðunar til hækkunar um krónur 12 milljónir.

2. 201011090 - Umhverfisráðuneyti, ósk um upplýsingar varðandi hreinsun stranda og ástand þeirra

Ráðuneytið leitar til allra sveitarfélaga sem liggja að ströndinni og óskar eftir mati þeirra á því hvort rusl á ströndum sé útbreitt vandamál innan sveitarfélagsins og hvort það ógni lífríki hafs og stranda, heilsu manna eða hafi önnur neikvæð áhrif á nýtingu strandarinnar.

Framkvæmda- og þjónustunefnd felur framkvæmda- og þjónustufulltrúa að svara erindinu.

3. 201011028 - Erindi frá Rúnari Óskarssyni, varðandi tengingu Smiðjuteigs við Þjóðveg í Reykjahverfi

Fjallasýn Rúnars Óskarssonar óskar eftir að varanlegt slitlag, ásamt ljósastaurum, verði sett á þann hluta heimreiðar fyrirtækisins við Smiðjuteig, sem fyrirtækið hefur ekki þegar steypt sjálft.

Framkvæmda- og þjónustunefnd vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2011. Nefndin leggur til að gerð verði kostnaðaráætlun fyrir verkið.

4. 201012017 - Götulýsing, möguleg hagræðing

Rætt um mögulegar aðferðir til að lækka kostnað við götulýsingu á Húsavík án þess að það hafi truflandi áhrif á ferðir íbúa eða öryggi.

Framkvæmda- og þjónustunefnd felur framkvæmda- og þjónustufulltrúa að vinna málið áfram ásamt starfsmönnum Orkuveitu Húsavíkur.

5. 201012019 - Húsnæðisnefnd Norðurlings/Eignasjóður - rekstur

Farið yfir reikninga Húsnæðisnefndar Norðurlings.

Framkvæmda- og þjónustunefnd frestar erindinu fram til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15